

# Foreldrafélag Grunnskóla Seltjarnarness

Skólaárið 2014-2015

Aðalfundur 2015

Fundarstaður: Salur - Mýrarhúsaskóla

Fundartími: 29. apríl 2015, kl. 17:30

## Stjórn:

Elín Jórunn Baldvinsdóttir formaður (EJB), Ólafía Harðardóttir gjaldkeri (ÓH), Sverrir Sigurðsson ritari (SS), Anna Björg Erlingsdóttir (ABE), Garðar Gíslason (GG), Helga Sverrisdóttir (HS), Katrín Magnúsdóttir (KM), og Sonja Bergmann (SB).

## Fundarritari: SS

Fundargerð:

EJB opnar og setur fundinn. Leggur til að Davíð Scheving stýri fundinum. Davíð Scheving tekur við fundarstjórn, segir fundinn rétt auglýstan og lýsir hann löglegan.

Skýrsla stjórnar

1. Nýir fulltrúar í stjórn foreldrafélagsins fyrir starfsárið 2014-2015 voru Garðar Gíslason, Helga Sverrisdóttir, Katrín Magnúsdóttir, Ólafía Harðardóttir og Sonja Bergmann. Fyrir sátu í stjórninni undirrituð, Anna Björg Erlingsdóttir og Sverrir Sigurðsson. Ekki tókst að manna níunda sætið.
2. Fyrsti fundur nýrrar stjórnar var haldinn í byrjun september þar sem stjórnarmenn skiptu með sér verkum. Formannssæti var enn laust eftir fyrsta fund en fljótlega eftir fundinn var ákveðið að undirrituð tæki að sér formannshlutverkið. Ólafía tók að sér gjaldkerahlutverkið, Sverrir var áfram ritari, Anna Björg var fulltrúi í skólaráði, Helga var tengiliður við samráðshóp um áfengi og vímuvarnir og við Selið ásamt því að vera tengiliður við Heimili og skóla.
3. Veturinn hefur verið hefðbundinn í starfi foreldrafélagsins, fastir liðir voru á sínum stað. Ber þar fyrst að nefna aðventustundina sem var haldin í byrjun desember og var vel sótt. Þá bryddaði stjórnin uppá þeirri nýjung að bjóða uppá grímubúningadiskó á Öskudaginn fyrir 1. – 6. bekk. Diskóið var haldið í Félagsheimilinu í tveimur hlutum fyrir annars vegar 1. – 3. bekk og svo 4. – 6. bekk. Framtakinu var vel tekið og mæting mjög góð. Framtíðin leiðir í ljós hvort þetta verður endurtekið. Mögulega með öðru móti, t.d. þrískipt 1. og 2. bekkur, 3. og 4. bekkur, 5. og 6. bekkur.
4. Stjórn foreldrafélagsins fundaði með bekkjarfulltrúum á haustdögum þar sem farið var yfir þeirra hlutverk. Fundurinn var líflegur og var gaman að sjá marga nýja foreldra samhliða fjölgun barna í skólanum sem á sér stað um þessar mundir á Seltjarnarnesi. Fram komu margar góðar hugmyndir eins og t.d. að stofna til vinahópa. Sú vinna var sett í hendur fulltrúa hverja árganga fyrir sig. Vinahópar hafa nú verið stofnaðir í þó nokkrum árgöngum og hefur verið mikil ánægja með þetta fyrirkomulag í vetur og hafa foreldrar að öllu jöfnu verið jákvæðir gagnvart þessu framtaki, tekið virkan þátt og haft gaman af. Börnin hafa kynnst betur innbyrðis og þá er tilgangi vinahópa náð.
5. Foreldrafélagið bauð foreldrum barna í 5. – 10. bekk uppá áhugaverðan fyrirlestur í vetur í Valhúsaskóla sem bar heitið "Ber sem eftir er: Um sexting,

hefndarklám og netið”. Umfjöllunarefnið hafði verið áberandi í fjölmiðlum og átti beint erindi við foreldra sem fengu fræðslu um þær áskoranir sem fylgja snjallsímanotkun og jafnframt góð ráð um hvernig eigi að ræða þessi mál við börn og ungmenni. Fyrirlesturinn var mjög vel sóttur og var mikil ánægja á meðal foreldra sem hlýddu á hann enda miðlaði fyrirlesarinn Þórdís Elva efninu einstaklega vel.

6. Í mars bauð foreldrafélagið uppá Opið hús í safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju þar sem heimspekingurinn Björn Rúnar Egilsson kom á vegum Heimils og skóla og bauð uppá erindi sem bar yfirskriftina “Netið og samfélagsmiðlar”. Það erindi var einnig mjög áhugavert og fræðandi. Ekki eins vel sótt og sá í febrúar.
7. Málefni Skólaskjólans voru á dagskrá fyrri stjórnar og voru þau áfram til umfjöllunar þetta skólaárið. Snemma í haust sendum við formlegt bréf til hlutaðila þar sem óskað var svara varðandi aðstöðuleysi Skólaskjólans, skipulag og mönnun ásamt framtíðaráformum varðandi húsnæðiskost. Þá hafði ekki tekist að ráða faglærðan tómskundafulltrúa eins og stóð til á vormánuðum en slík ráðning var talin geta styrkt innviðir starfsins. Við bentum á að það ríkti ekki nægilega mikið traust varðandi Skjólíð þar sem borið á því að börn skiluðu sér ekki eftir æfingar og væri brýn þörf að festa skipulagið betur í sessi.

Formlegt svar barst okkur í byrjun mars á þessu ári þar sem farið var yfir þær breytingar sem hafa verið gerðar í Skólaskjólínu til að auka öryggi barnanna, bæta skipulag og auka gæði starfsins þar. Sigríður Margrét Einarsdóttir var ráðin tómskundafulltrúi í 75% starf í Skjólíð frá áramótum en hún hefur starfað í Selinu við góðan orðstír. Við vonum að málefni Skjólans verði áfram til skoðunar og fögnum því að vel hafi verið tekið í hugmyndir okkar um hvernig megi bæta Skjólíð og teljum að þeirri vinnu sé ekki lokið. Við teljum að enn eigi eftir að mæta þörf barna í 3. – 5. bekk en starfið eins og það er í dag er ekki eftirsóknarvert fyrir eldri börnin eins og ásóknartölur sýna og lítið sem ekkert í boði fyrir börn í 4. & 5. bekk. Sjá má fyrir sér að einhvers konar tómskundasetur gæti starfað samhliða Skjólínu þar sem Skátarnir, Leynileikhúsið og fleiri slíkir aðilar gætu haft aðsetur.

Framtíðaráform varðandi húsnæðismál Skjólans eru enn ekki ljós en skólastjórnendur binda miklar vonir til þess að fundið verði varanlegt húsnæði fyrir Skjólíð og tökum við í stjórn foreldrafélagsins undir þær vonir og vonumst til að starfið í Skjólínu verði eftt enn fremur svo að hægt verði að líta á það sem eftirsóttan stað fyrir börnin okkar.

8. Fréttabréf foreldrafélagsins hefur legið niðri þetta skólaárið og hefur Facebook síða foreldrafélagsins sinnt upplýsingahlutverki foreldrafélagsins ásamt hefðbundnum tölvupóstum. Vefsíðan hefur lukkast vel og þjónar að okkar mati tilgangi sínum vel þannig að upplýsingaflæði milli foreldra og stjórnar sé einfalt og gagnvirkt.
9. Foreldraröltið fór af stað eftir ábendingu til stjórnar. Magga í Selinu kom á fund í Valhúsaskóla þann 4. febrúar, fór vel yfir málin, skýrði tilganginn og mikilvægi þess halda því gangandi.
10. Umferðarmál voru tekin fyrir og þrýsti stjórn foreldrafélagsins á að auka öryggi á gangandi vegfarenda á gatnamótum Nesvegjar og Suðurstrandar. Hafa nú verið sett upp appelsínugul blikkandi ljós á gangbraut, þar sem umferð þverar hana í vinstri beygju.

11. Fyrirspurnir og umræður spruttu upp undir þessum lið (hefðu geta átt heima undir önnur mál).
- Rætt um mikilvægi þess að fyrra form námsefniskynningar þar sem bekkjarfulltrúar eru „kosnir“. Með núverandi kerfi foreldraviðtala og námsefniskynningar, dettur niður þessi mikilvæga nálgun að foreldrar í hverjum bekk hittist og kynnist.
  - Ábending frá nýju foreldri úr Vesturbæjarskóla, um sterka neikvæða upplifun á ljótu orðbragði drengja við bekkjarsystkini sín, a.m.k. í ákveðnum bekk í skólanum. Dæmi nefnt um kennara sem varð fyrir ljótu orðbragði, fannst vanta upp á að þeir sem yrðu vitni að slíku fengju upplýsingar að slíkt væri ekki ásættanlegt, í stað þess að gerandinn og mál hans væri eingöngu tekið fyrir.
  - Umræða um lestrarkennslu. Foreldrar á Álftanesi skikkaðir á námskeið í lestrarkennslu fyrir börnin sín.
  - Brunaæfing í skólanum. Upplýsingaflæði um hana misjafnt eftir bekkjum.
  - Upplýsingar í Való milli heimili og skóla mætti vera meira/markvissara, dæmi nefnt um borðtennisborð sem voru tekin úr umferð. Skólinn hefði þar geta fengið stuðning frá heimili við neikvæðri upplifun nemenda.
  - Hugmynd rædd um að setja saman teymi á vegum foreldra til að vinna að bættum samskiptum barna.
  - Vangaveltur um hvort skólastjórnendur ættu að sitja stjórnarfundum foreldrafélagsins, var þannig fyrir nokkrum árum. Fulltrúi úr stjórn foreldrafélagsins situr á fundum Skólaráðs, þar sem bæði stjórnendur skólans og fulltrúi nemenda fundar. Frelsi til umræðna hjá stjórn foreldrafélagsins gæti veikst við slíka breytingu og opna stjórnarfundum fyrir fulltrúa skólans.
  - Rætt hvort bekkjarfulltrúar eða fulltrúar þeirra í hverju bekk ættu sæti á einhverjum stjórnarfundum foreldrafélagsins.

#### Skýrsla gjaldkera

- ÓH fór yfir rekstrarreikning 1. apríl 2014 til 30. mars 2015. Gjöld voru umfram tekjur eða -451.892 kr. Skýrist af styrk sem greiddur var út til Skjólsins 150.000,- kr. og tónlistarnáms 209.239,- kr. Verslunin Viðir styrkti félagið fyrir ýmsum veitingum fyrir laufabrauðsdaginn, en lítilsháttar tap var samt af þeim degi eða -14.295,- kr. Innistæða á banka 30. mars 2015, 659.237,- kr. Sjá nánar á rekstrarreikningi.
- Engar spurningar eða athugasemdir gerðar.

#### Framboð til stjórnar

- Ólafía Harðardóttir, Garðar Gíslason, Helga Sverrisdóttir, Katrín Magnúsdóttir, og Sonja Bergmann.
- Hervör Pálsdóttir, Guðrún Björg Karlsdóttir, Svana Davíðsdóttir og Davíð Scheving kjörin ný í stjórn.
- Fráfarandi stjórn þökkuð vel unnin störf.

#### Önnur mál

- Engin eða þegar rædd.

Fundi slitið kl. 19:10 / SS